

Fundargerð

aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum 10. október 2014

Haldinn föstudaginn 10. október 2014 kl. 13:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

Á fundinn voru mættir 18 fulltrúar frá 10 sveitarfélögum. Ingibjörg Hinriksdóttir tækni- og upplýsingafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga ritaði fundargerð.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar og ársreikningur

Kristinn Jónasson setti fundinn og flutti skýrslu stjórnar og sagði frá því helsta sem gerst hefur á vettvangi samtakanna á síðasta ári.

Þá sagði Kristinn frá ársreikningi samtakanna og bar þá upp til samþykktar.

Árgjaldið er 30.000 krónur á ári, og útgjöld lítil. Afkoma ársins er tæplega 700 þúsund eftir árið 2013 og er eiginfjárstaða samtakanna góð, eða ríflega 1.700 þúsund krónur

Ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

2. Kosning þriggja manna stjórnar og þriggja til vara

Tillaga kom um að í aðalstjórn væru:

- Kristinn Jónasson, Snæfellsbæ, formaður,
- Elías Jónatansson, Bolungarvík og
- Páll Björgvin Guðmundsson, Fjarðabyggð.

Til vara:

- Guðmundur Ingi Ingason, Skaftárhreppi,
- Ásthildur Sturludóttir, Vesturbyggð og
- Pétur Markan, Súðavíkurhreppi.

Umræður urðu um kynjahlutfall í stjórn og var samþykkt að í næstu stjórn verði kynjahlutfallið jafnara. Að svo búnu var ný stjórn kjörin með öllum greiddum atkvæðum.

3. Varmadætur

Kristinn flutti fróðlegt erindi um varmadætur, hvað þær gerðu og hvaða kostir væru við þær á köldum svæðum. Hann sagði frá reynslu Snæfellsbæjar af notkun varmadæla, m.a. frá því að

Þjörgunarsveitarhúsið í bænum er hitað með því að sækja hita í sjónum. Notkun rafmagns í þjörgunarsveitarhúsinu hefur minnkað um helming frá því að varmadælan (vatn í vatn) var sett upp í húsinu.

Einnig sagði hann frá varmadælu (loft í loft) í leikskólanum, þar tókst ekki eins vel til því starfsmenn þar voru stöðugt að fikta í fjarstýringunni fyrir varmadæluna. Sparnaður af uppsetningu varmadælu í leikskólanum var um 20%.

Eygló Kristjánsdóttir spurði hvort SSKS gætu gert könnun á því hversu mikill sparnaður er á almennum heimilum við það að setja upp varmadælur.

Þá hélt Kristinn áfram með erindi sitt og sagði frá varmadælu sem sett var upp í Félagsheimilið Klif (loft í vatn) og þar náðist fram talsverður sparnaður. Einnhver mistök urðu við uppsetninguna þar en samtal við Guðmund Inga í Skaftárhreppi bjargaði málunum.

Grenhóll í Staðarsveit var sótt vatn í borholu með 12 gráðu heitu vatni. Rafnotkun fór úr 37.000 kWh í rúmlega 9.000.

Þá var sett inn hitastýring í Ráðhús Snæfellsbæjar sem sér um að hita og kæla húsið á sólarhringnum. Skiptist hitastigið frá 18 gráðum þegar enginn er í húsinu upp í 24 gráður þegar þar er unnið. Talsverður sparnaður varð með þessu en hitastýring kostar aðeins 75.000 krónur. Einnig er dregið fyrir glugga þegar enginn er í húsinu og sparar það einnig talsverða fjármuni. Er þetta víðar í bænum.

Kristinn sýndi einnig mynd frá Grunnskólanum á Hellissandi þar sem hitastýringarklukka er en þar fór rafmagn í nokkra daga og sást vel á línuriti hversu kalt varð í rafmagnsleysinu.

Þá sagði Kristinn frá breytingum á sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík. Þar eru teknar inn 3 varmadælur, sem nota vatn úr neysluvatni staðarins. Sparnaður verður á bilinu 50-80% en það á eftir að koma í ljós. Hugmyndin kom frá Skaftárhreppi og er klárlega vanmetin auðlind að nota kalda vatnið til upphitunar.

Að lokum sýndi Kristinn töflu sem sýndi sparnað frá 19-75% við notkun varmadæla.

Þá kom Guðmundur Ingi Ingason sagði frá reynslu Skaftárhrepps af notkun varmadæla (loft í loft) í félagsheimilin á svæðinu. Einnig sagði hann frá ýmsum öðrum dælum sem hreppurinn hefur tekið inn eftir að sorpbrennslan var tekin niður. Talsverður sparnaður vannst með þessum dælum orkunotkun fór úr 125 kWh niður í 68 kWh.

Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri í Mýrdalshreppi, sagði frá reynslu þeirra af notkun varmadæla m.a. til að hita sundlaugina. Þeir boruðu í bólstraberg í nágrenni þéttbýlisins og fengu þar 6 gráðu heitt vatn í nægilega miklu magni sem þeir ætla að nýta til að hita sundlaugina, skólann og fleiri stofnanir. Áætlaður kostnaður er 25,5 milljónir. Þar af er dælan u.þ.b. helmingur.

Kristinn bað Ásgeir um að skrásetja verkferilinn og senda til SSKS til birtingar á heimasíðu samtakanna.

Kristinn bætti við að mýrar eru góðir varmagjafar og þeir hafa notað afgang til að hita sturtuvatn í sundlauginni.

Margrét Guðjónsdóttir frá Seyðisfirði spurðist fyrir um hávaða frá varmadælum. Kristinn sagði að í sínum huga væri þetta ekki vandamál, en það leggst misvel í fólk.

Þorsteinn Steinsson spurði hvort það væri hægt að útbúa fjarvarmakerfi fyrir þéttbýli. Kristinn sagði að þetta væri til á nokkrum stöðum, s.s. Ísafirði, Vestmannaeyjum og víðar. Það er norrænt verkefni í gangi þar sem verið er að prufa þetta. Stofnkostnaður við fjarvarmaveitu er talsverður. Samtökin þurfa að halda áfram að berjast fyrir niðurgreiðslu á húshitun í heimilum og á stofnunum og einnig er það markmið að minnka orkunotkunina.

Eyþór Garðarsson sagði frá verkefni sem verið er að skoða í Grundarfirði þar sem nóg er ef heitu bergi en ekki nóg af vatni.

Eyþór spurði um kostnað vegna breytinga á vsk. og hvað það myndi þýða fyrir sveitarfélögin. Kristinn svaraði því til að hann hefði sent þau skilaboð að þetta mætti ekki leiða til kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin.

Eyþór lagði til að fara í ímyndarherferð þar sem málstaður samtakanna yrði tíundaður.

Guðmundur Ingi sagði frá misjöfnum dælum eftir framleiðslulandi.

Eyþór benti á að það vantaði reglugerð vegna varmadæla á heimahús.

Fundi var slitið kl. 14:25.